

Fundargerð stjórnar SOS nr. 343

Staður: Fundurinn er haldinn í fjarfundarbúnaði.

Dagsetning og tími: 16. janúar kl. 11:35.

Mætt voru: Brynhildur Jónsdóttir (BJ), formaður, Anton Kári Halldórsson (AKH), varaformaður, Ása Valdís Árnadóttir (ÁVÁ), Bragi Bjarnason (BB), og Sigurbjörg Jenný Jónsdóttir (SJJ), sem ritaði fundargerð, auk Ingunnar Jónsdóttur (IJ), framkvæmdastjóra SASS. Dagný Sif Sigurbjörnsdóttir hdl. og Torfi Ragnar Sigurðsson hrl., Lögmönnum Suðurlandi, komu inn á fundinn til að fara yfir atriði tengdum dagskrárliðum 4-6.

1. Verkaskipting stjórnar

Á aukaaðalfundi SOS fyrr í dag, 16. janúar 2026 var Brynhildur Jónsdóttir kjörin formaður og Anton Kári Halldórsson kjörinn varaformaður. Fyrir fundinum liggur tillaga um að Sigurbjörg Jenný Jónsdóttir verði ritari og er sú tillaga samþykkt.

2. Samráðsvettvangur sorpsamlaga á SV landi

Stjórn samþykkir að fulltrúar stjórnar SOS í samráðsvettvangi sorpsamlaga á Suðvesturhorninu verði Brynhildur Jónsdóttir og Anton Kári Halldórsson.

3. Helstu verkefni fráfaramandi stjórnar

Umræður um helstu verkefni fráfaramandi stjórnar til nýrrar stjórnar.

4. Samþykktir Sorpstöðvar Suðurlands

Á aukaaðalfundi SOS fyrr í dag, 16. janúar 2026, voru samþykktar breytingar á samþykktum SOS og samþykktunum vísað til staðfestingar sveitarstjórna aðildarsveitarfélaga SOS sem taka þurfa breyttar samþykktir fyrir í tveimur umræðum áður en þær eru birtar í B-deild Stjórnartíðinda.

Stjórn samþykkir að fela framkvæmdastjóra SASS að senda breytingar á samþykktunum á sveitarstjórnir aðildarsveitarfélaga SOS til samþykktar í tveimur umræðum samhliða fundargerð aukaaðalfundarins.

Stjórn samþykkir að fela Dagnýju Sif Sigurbjörnsdóttur hdl., Lögmönnum Suðurlandi að fylgja því eftir að samþykktirnar verði birtar í B-deild Stjórnartíðinda að fengnu samþykki sveitarstjórna aðildarsveitarfélaganna í tveimur umræðum.

5. Nýr samningur Sorpstöðvar Suðurlands við Samtök Sunnlenskra sveitarfélaga

Á aukaaðalfundi SOS fyrr í dag, 16. janúar 2026 var samþykktur nýr samningur SOS við SASS. Samningurinn hefur verið unnin út frá samþykktum tillögum stjórnar á aðalfundi SOS þann 24. október 2025 varðandi breytingu á umgjörð og rekstri SOS með aðkomu SASS, þar sem gert var ráð fyrir að daglegur rekstur og faglegt starf SOS yrði falið SASS á grundvelli samnings þess efnis.

Stjórn felur formanni stjórnar, Brynhildi Jónsdóttur, að undirrita samninginn fyrir hönd stjórnar SOS.

6. Viðauki við fjárhagsáætlun Sorpstöðvar Suðurlands árið 2026

Á aukaaðalfundi SOS fyrr í dag, 16. janúar 2026, var samþykktur viðauki við fjárhagsáætlun SOS fyrir árið 2026 að fjárhæð 14.500.000 kr. vegna ráðningar starfsmanns í 100% stöðugildi hjá SASS á kostnað SOS, sbr. nánari umfjöllun undir næsta fundarlið. Samhliða lækkar liðurinn *stjórnar- og nefndarlaun* í fjárhagsáætlun ársins 2026 um 1.000.000 kr.

Stjórn samþykkir að fela framkvæmdastjóra SASS að senda viðaukann á sveitarstjórnir aðildarsveitarfélaga SOS til samþykktar samhliða fundargerð aukaaðalfundarins.

7. Ráðning nýs starfsmanns

Á aðalfundi SOS þann 24. október 2025 var samþykkt að samhliða undirbúningi breytinga á rekstri og starfsemi SOS skv. framangreindu yrði undirbúin tímabundin ráðning starfsmanns til 1 árs hjá SASS á kostnað SOS sem fari með daglegan rekstur verkefna SOS, en einnig, að taka saman og greina nánar þau tækifæri til samstarfs og samvinnu sveitarfélaga á starfssvæði SASS í úrgangsmálum og hvað nánara samstarf á þessum vettvangi geti haft í för með sér til hagsbóta fyrir sveitarfélög á svæðinu.

Í nýjum samningi SOS við SASS, sbr. dagskrárliður 5 á fundi þessum, er gert ráð fyrir ráðningu slíks starfsmanns og var kostnaðargreining ásamt viðauka við fjárhagsáætlun vegna ráðningarinnar, sbr. dagskrárliður 6 á fundi þessum. Á aukaaðalfundinum fyrr í dag lágu jafnframt fyrir í fundargögnum drög að starfslýsingu og hæfnikröfum fyrir tímabundinn verkefnastjóra SOS/SASS í úrgangsmálum framangreindu til samræmis.

Stjórn felur framkvæmdastjóra SASS að auglýsa eftir starfsmanni í stöðu verkefnastjóra tímabundið til 1 árs sem fer með umsjá verkefna SOS skv. gildandi samþykktum SOS og daglegs reksturs þess í samvinnu við stjórn SOS, í samræmi við þjónustusamning á mill SASS og SOS. Fyrirhugað er að verkefnastjórinn heyri undir framkvæmdastjóra SASS og starfi náð með stjórnnum SOS og SASS með sérstakri áherslu á greiningu tækifæra til samvinnu sveitarfélaga á starfssvæði SOS og SASS í úrgangsmálum. Að öðru leyti er vísað til fyrirbyggjandi tillögu að starfslýsingu fyrir umræddan starfsmann.

8. Önnur mál

Engin önnur mál rædd.

Fundi slitið klukkan 12:10